

Fundargerð 359. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, þriðjudaginn 3. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 358. fundar frá 24. maí 2013.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnafundur 2013 - 1301025HA

Lögð fram dagskrá hafnafundarins sem fer fram í Grindavík 20. september nk. Valur Rafn gerði grein fyrir stöðu mála.

Til kynningar.

3. Erindi frá Grindavíkurhöfn vegna hafnafundar 2013. - 1301025HA

Lagður fram tölvupóstur frá Sigurði A. Kristmundssyni hafnarstjóra í Grindavík, dags. 13. ágúst 2013, þar sem hann kemur bókun hafnastjórnar um dagskrá hafnafundarins á framfæri.

Málið rætt og mun formaður fjalla um þetta í setningarræðu sinni.

4. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lagt fram bréf, dags. 29. maí 2013, sem stjórn hafnasambandsins sendi innanríkisráðherra. Í því bréfi óskaði stjórnin eftir því að frumvarp til breytinga á hafnalögum yrði lagt fram við fyrsta tækifæri og þá helst að tilteknu tilliti til þeirra tillagna sem fulltrúar hafnasambandsins lögðu fram síðla árs 2012.

Til kynningar.

5. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lögð fram að nýju glærुकynning frá Sjávarklasanum. Valur Rafn gerði grein fyrir stöðu mála.

Til kynningar.

6. Reglugerð Evrópuþingsins nr. 1177/2010 um réttindi farþega sem ferðast á sjó og á vatnaleiðum. - 1308009HA

Lögð fram til kynningar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1177/2010, um réttindi farþega sem ferðast á sjó og á vatnaleiðum.

Til kynningar.

7. Hafnamál á EFTA fundi í Bergen, 20-21. júní - 1305037HA

Lagðar fram kynningar sem fluttar voru á EFTA fundi sem haldinn var 20.-21. júní sl. Einnig lagt fram til kynningar minnisblað sem Anna G. Björnsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga tóku saman eftir fundinn og sendu stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

8. Hafnir og hafnakostir við sunnanverðan Faxaflóa - 1307016HA

Lögð fram til kynningar skýrsla um hafnir og hafnakosti við sunnanverðan Faxaflóa. Tilgangur skýrslunnar er að vekja athygli á þeim kostum sem eru í hafnamálum á þessu svæði, þeim tækifærum sem þær bjóða upp á og til að leggja inn efni í stefnumótun fyrir hafnir. Einnig er tilgangurinn að hvetja hafnarmenn á öðrum svæðum landsins til að greina kostina á sínum svæðum.

Til kynningar.

9. Fjárhagsstaða hafna 2012 - 1309001HA

Valur Rafn gerði grein fyrir samantekt um rekstur og fjárhagsstöðu hafna sem hann vann upp úr ársreikningum hafnanna fyrir árið 2012.

Fór hann yfir drög að skýrslu en hún verður kynnt nánar á hafnafundi í Grindavík þann 20. september nk.

10. Alþjóðleg leitar- og björgunarmiðstöð á Íslandi - 1308037HA

Lagður fram tölvupóstur frá innanríkisráðuneytinu, dags. 27. ágúst 2013, um alþjóðlega leitar- og björgunarmiðstöð á Íslandi. Formaður hefur svarað bréfinu og gerði hann grein fyrir þeim hugleiðingum sem hann kom á framfæri við innanríkisráðuneytið. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Stjórn Hafnasambands Íslands telur mikilvægt að eins gott skipulag og kostur er sé á björgunaraðgerðum ef vá ber að höndum. Því skorar stjórn Hafnasambands Íslands á innanríkisráðuneytið að hafa forgöngu um að láta vinna staðbundnar viðbragðsáætlanir til að tryggja markvissar aðgerðir þegar hætta steðjar að á sjó eða við strönd lands.

11. Reglugerð um meðferð dýpkunarefnis - óskað umsagnar - 1307007HA

Lagt fram erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 20. júní 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um drög að reglugerð um

meðferð dýpkunarefnis.

Formanni falið að koma ábendingum á framfæri.

12. Móttaka á úrgangi frá skipum - 1303021HA

Lagt fram minnisblað frá Umhverfisstofnun um móttöku á sorpi frá skipum, skv. tilskipun ESB. Már gerði grein fyrir stöðu mála.

Formaður mun hitta fulltrúa umhverfisstofnunar og koma viðhorfum stjórnar á framfæri.

Fundi var slitið kl. 12:30

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Valur Rafn Halldórsson
